

416. fundur fræðslunefndar
haldinn í fundarherbergi 4. hæð í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 18. maí 2020 og hófst hann kl. 08:10.

Fundinn sátu:

Hafdís Gunnarsdóttir var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Þóra Marý Arnórsdóttir, Kristján Þór Kristjánsson varaformaður, Jónas Þór Birgisson aðalmaður, Nanný Arna Guðmundsdóttir aðalmaður og Magnús Einar Magnússon var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Arnhildur Lilý Karlsdóttir.

Embættismenn:

Guðrún Birgisdóttir, skóla- og sérkennslufulltrúi og Stefanía Helga Ásmundsdóttir, sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs.

Fundargerð ritaði: Guðrún Birgisdóttir, skóla- og sérkennslufulltrúi.

Áheyrnarfulltrúar fyrir leikskólamá: Helga Björk Jóhannsdóttir, fulltrúi skólastjórnenda, Ingibjörg Einarsdóttir, fulltrúi skólastjórnenda.

Áheyrnarfulltrúar fyrir grunnskólamá: Jóna Lára Sveinbjörnsdóttir, fulltrúi kennara.

Dagskrá:

1. Verkefnalisti fræðslunefndar - 2014030064

Lagður fram verkefnalisti fræðslunefndar.

Gerð var grein fyrir hver staðan væri á þeim verkefnum sem liggja fyrir og eru í vinnslu.

2. Ósk um breytingu á fundardögum á leikskólaunum Sólborg og Eyrarskjóli júní 2020 - 2020050045

Kynntur tölvupóstur frá leikskólastjórum leikskólanna Sólborgar og Eyrarskjóls þar sem þeir óska eftir að færa til og sameina fundardaga.

Fræðslunefnd samþykkir beiðnina.

3. Heimgreiðslur til foreldra sem ekki hafa fengið úthlutað leikskólaplássi - 2020020017

Lögð fram drög að reglum um heimgreiðslur til foreldra barna sem eru orðin 18 mánaða og hafa ekki fengið boð um leikskólavist.

Fræðslunefnd gerir það að tillögu sinni að bæjarstjórn samþykki reglurnar og vísar því málinu áfram til bæjarstjórnar til ákvörðunar.

5. Skóladagatöl 2020-2021 - 2020040052

Lögð fram skóladagatöl fyrir leikskólana Laufás á Þingeyri, Grænagarð á Flateyri, Eyrarskjól Ísafirði, Sólborg Ísafirði og Tjarnabæ á Suðureyri, fyrir skólaárið 2020-2021

Fræðslunefnd gerir ekki athugasemdir við dagatölin.

6. leiðbeinandi álit_ tvöföld skólavist barns í leik- og grunnskóla - 2019100022

Lögð fram drög að reglum um tvöfalda skólavist í leik- og grunnskólum Ísafjarðarbæjar.

Fræðslunefnd gerir það að tillögu sinni að bæjarstjórn samþykki reglurnar og vísar málinu áfram til bæjarstjórnar til ákvörðunar.

7. Barnvæn sveitarfélög - Innleiðing Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna - 2020020067

Lagður er fram til kynningar tölvupóstur Marínar Rósar Eyjólfsdóttur, verkefnastjóra barnvænna sveitarfélaga hjá UNICEF á Íslandi, dags. 25. febrúar sl., ásamt afriti af bréfi Ásmundar Einars Daðasonar, félags- og barnamálaráðherra og Bergsteins Jónssonar, framkvæmdastjóra UNICEF á Íslandi, dags. 30. janúar sl., vegna verkefnisins fyrir innleiðingu Barnasáttmálans innan sveitarfélaga - verkefnisins barnvæn sveitarfélög. Erindið var tekið fyrir á 1096. fundi bæjarráðs þann 2. mars sl.

Lagt fram til kynningar.

8. Mannréttindastefna Ísafjarðarbæjar - 2020040059

Lögð fram Mannréttindastefna Ísafjarðarbæjar 2020.

Fræðslunefnd lýsir yfir ánægju með stefnuna og leggur til að henni verði fylgt í okkar störfum.

9. Skóladagatöl 2020-2021 - 2020020048

Lögð fram skóladagatöl fyrir Grunnskólann á Þingeyri og Grunnskóla Öfundarfjarðar fyrir skólaárið 2020-2021

Fræðslunefnd gerir ekki athugasemdir við skóladagatölin.

10. Reglur um sjúkrakennslu í grunnskólum - 2020050037

Lagðar fram til kynningar reglur um sjúkrakennslu í grunnskólum Reykjanesbæjar.

Fræðslunefnd leggur til að starfsmenn skóla- og tómstundasviðs vinni að sambærilegum reglum fyrir grunnskóla Ísafjarðarbæjar.

11. Ósk um aukið starfshlutfall frá grunnskólanum á Suðureyri - 2020050038

Lagt fram bréf frá Jónu Benediktsdóttur, skólastjóra Grunnskólans á Suðureyri, þar sem hún óskar eftir heimild til að stækka stöðuhlutföll við skólann.

Fræðslunefnd tekur jákvætt í erindið og felur starfsmönnum skólasviðs að vinna áfram með málið.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 9:30

Póra Marý Arnórsdóttir

Kristján Þór Kristjánsson

Jónas Þór Birgisson

Nanný Arna Guðmundsdóttir

Arnildur Lilý Karlsdóttir

Guðrún Birgisdóttir

Stefanía Helga Ásmundsdóttir